

LÆSISSTEFNA LEIK- OG
GRUNNSKÓLA HÚNAÞINGS
VESTRA

Lestur Lesskilningur Loesi

Færni til framtíðar



Stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi skiptir miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan þeirra. Umhyggja og velferð barna verður best tryggð í góðu samstarfi milli foreldra og skóla svo að barnið fái sem best notið sín í leik og starfi.

Í þessum bæklingi eru allar helstu upplýsingar um áherslur í lestrarþjálfun fyrir þitt barn sem og aðrar mikilvægar upplýsingar fyrir velferð barnsins þíns í skólanum.



Vissir þú að barnið þitt þarf að sofa 9-11 klst á sólarhring til þess að ná fullum svefni?



Heimalestur

Til að ná góðri lestrarfærni og leshraða þarf að þjálfast sig jafnt og þétt. Æfingin skapar meistarann á þar vel við. Því er mikilvægt að lesið sé fyrir börn á öllum aldri og þegar börn hafa færni til lesi þau daglega, ekki einungis í skólanum heldur einnig heima. Verum góð fyrirmynd, horfum á styrkleika barnsins, hvetjum það áfram og hrósum.

Viðmið um skjátíma



Mínútur á dag

Leikskólaaldur

- Aldrei skjánotkun eftir kvöldmat
- Notkun er bundin við næveru fullorðina
- Matarborð, rúm og herbergi eru skjálausir staðir

1.-4. bekkur

- Samvera fullorðins og barns fyrir framan skjá
- Matarborð, rúm og herbergi eru skjálausir staðir

5.-7. bekkur

- Skjánotkun bara er undir nánu eftirliti fullorðinna
- Matarborð, rúm og herbergi eru skjálausir staðir.

8.-10. bekkur

- Matarborð og rúm eru skjálausir staðir

FYLGIST ÞÚ MEÐ
SKJÁTÍMA HJÁ
ÞÉR OG
BARNINU ÞÍNU?

VISSIR ÞÚ AÐ
ÞAÐ GETUR HAFT
MIKIL ÁHRIF Á
MÁLÞROSKA
BARNSINS ÞÍNS
AÐ HORFA MIKIÐ
Á ÓTALSETT
EFNI?

Eflum lestrarfærni barna



- Reynið að skapa reglu og gott andrúmsloft í kringum heimalesturinn strax í upphafi skólans þannig að lesturinn geti orðið ánægjuleg samverustund.
- Skoðið bókina með barninu og beinið athygli þess að umgjörð bókarinnar, heiti hennar, myndum, sögupersónum o.fl. til að komast inn í efni sögunnar og vekja áhuga á því.
- Látið barnið fylgja línum eftir með fingri um leið og það les.
- Rifjið upp stafi og hljóð sem barnið hugar við og fylgist með að það þekki örugglega alla stafina því það er grunnur að góðri lestækni.
- Gott er að spyrja leiðandi spurninga til að fá barnið til að giska á innihald sögunnar og tjá sig um það t.d. um atburði, framvindu, fyrirætlan, hugarástand og líðan sögupersónanna.
- Fáði barnið til að segja frá efni sögunnar, ræðið efni textans og látið reyna á ályktunarhæfni þess.
- Hrósið barninu fyrir það sem gengur vel til að uppörva það og hvetja.
- Reynið að vera polinmóð og jákvæð og láta barnið ekki heyra ef þið eruð áhyggjufull, talið við kennara ef lestrarnámið gengur ekki nægilega vel.